

**2. gr.**

Ákvörðun um taxa skal tekin eftir viðmiðun við mánaðartekjur þiggjanda og skal þá tekið tillit til, hvort um er að ræða einstakling, hjón eða sambýlisfólk. Heimilt er að víkja frá gjaldskránni, ef um sérstakar ástæður er að ræða.

Taxti fyrir einstaklinga

1. Tekjur undir kr. 40 000.00
2. Tekjur milli kr. 40 000.00 og 60 000.00
3. Tekjur milli kr. 60 000.00 og 80 000.00
4. Tekjur yfir kr. 80 000.00

Taxti fyrir hjón og sambýlisfólk

1. Tekjur undir kr. 60 000.00
2. Tekjur milli kr. 60 000.00 og 90 000.00
3. Tekjur milli kr. 90 000.00 og 130 000.00
4. Tekjur yfir kr. 130 000.00

**3. gr.**

Gjaldstíginn er saminn með viðmiðun við mánaðarlaun starfsfólks heimilisþjónustunnar og er einnig tekið tillit til launatengdra gjalda.

Verði breyting á launum starfsfólks ber að breyta gjaldstiganum til samræmis við þær breytingar.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. janúar 1977.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

Jón Sigurpálsson.

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 371 25. október 1976 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.**

**1. gr.**

1. másl. 7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er 6 000 kr., en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki 500 kr.

**2. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 10. apríl 1977.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. janúar 1977.*

**Ólafur Jóhannesson.**

Ólafur W. Stefánsson.